

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1074

1. Almenn:

Benchmark Genetics Iceland hf. (áður: Stofnfiskur hf., kt. 620391-1079), Bæjarhrauni 14, 220 Hafnarfirði, hafa verið með 190 tonna rekstrarleyfi (FE-1074) fyrir seiða- og matfiskeldi á laxi í landeldisstöð sinni að Kalmanstjörn í Reykjanesbæ. Fyrirtækið sótti um endurnýjun án breytinga á rekstrarleyfi þann 2. júní 2021.

Fiskeldisstöðin er staðsett að Kalmanstjörn í Reykjanesbæ með frárennsli í sjó við Reykjanes. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru með ristar og einnig er tvöfalt sigti í affalli.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Benchmark Genetics Iceland hf. að Kalmanstjörn, Reykjanesbæ skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 4. júní til 4. júlí 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Benchmark Genetics Iceland í Kalmanstjörn. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 190 tonn til seiða- og matfiskeldis á laxi að Kalmanstjörn í Reykjanesbæ.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 26. apríl 2022. Rekstrarleyfið gildir til 5. júlí 2037.

Selfossi, 5. júlí 2021